

A 1837/välfärd

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit Norrænu velferðarnefndarinnar um

Þingmannatillögu um The Global Gag Rule**Tillaga**

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlandanna

að taka afstöðu gegn The Global Gag Rule,

að efla norrænt samstarf um alþjóðaverkefni í þágu kyn- og frjósemisheilbrigðis og -réttinda kvenna.

Skýring

Í janúar 2017 tóku Bandaríkin upp hina svokölluðu „Global Gag Rule“ að nýju. Regla þessi, sem stjórnvöld í Bandaríkjunum nefna Protecting Life in Global Health Assistance, bannar allan fjárhagslegan stuðning við alþjóðasamtök sem annast fóstureyðingar eða gefa út tilvísanir vegna fóstureyðinga. Ríkisstjórn Donalds Trump víkkaði gildissvið reglunnar og hefur hún eftir það tekið til allra styrkveitinga samkvæmt viðkomandi fjárlagalið, sem nema 9 milljörðum Bandaríkjadala.

Samkvæmt upplýsingum frá hugveitunni Kaiser Family Foundation snertir The Global Gag Rule starfsemi 1.275 samtaka. Hætta er á að bandarískir styrkir til þeirra dragist saman um allt að 2,2 milljörðum dala. Tekjur International Planned Parenthood Federation, stærstu samtaka í heimi á sviði kyn- og frjósemisheilbrigði, hafa þannig minnkað af þessum sökum um 800 milljónir dala eða þar um bil. Devex upplýsir að AMODEFA, aðildarfélagi Planned Parenthood í Mósambík, hafi verið nauðugur einn kostur að fækka starfsfólki um helming, loka átján læknastofum og segja upp 650 starfsmönnum sem annast hafa fræðslu og upplýsingamiðlun um heilbrigðismál. Stjórnendur Family Life Association of Swaziland (FLAS) hafa neyðst til að fækka þeim borgum sem samtökin heimsækja úr fjórtán í fjórar og Botswana Family Welfare Association séð sig tilneydd að loka læknastofu.

The Global Gag Rule bitnar harkalega á kyn- og frjósemisheilbrigði kvenna og réttindum þeirra á þessu sviði. Afar mikilvægt er að spyrna fótum við þessari stefnu á alþjóðavettvangi og leitast við að bæta stöðu þeirra sem verða fyrir barðinu á henni. Í alþjóðlegu tilliti er því afar rík þörf á að Norðurlönd tali einni röddu gegn reglunni og standi vörð um kyn- og frjósemisheilbrigði og -réttindi kvenna.



Mörg norrænu ríkjanna vinna nú þegar að því að bæta kyn- og frjósemisheilbrigði kvenna víða um heim. Norræn vinstri græn telja að norrænt notagildi sé fólgið í því að Norðurlandaráð hvetji ríkisstjórnir á Norðurlöndum til að taka öll sem eitt afstöðu gegn reglunni. Slík ákvörðun myndi efla starf allra ríkjanna á þessu sviði og styrkja hlutverk norræns samstarfs og stöðu Norðurlanda í alþjóðastarfi.

Að sögn Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar, WHO, fara um 25 milljónir fóstureyðinga fram á hverju ári í heiminum við ótryggar aðstæður. Um 47.000 konur deyja ár hvert í kjölfar slíkra fóstureyðinga¹, eða sem samsvarar liðlega fimm konum á hverri klukkustund að meðaltali.

Réttur kvenna til forræðis yfir líkama sínum og heilbrigði eru mannréttindi sem kveðið er skýrt á um í flestum milliríkjasamningum. Sá réttur nýtist þó ekki öllum konum í heiminum, ekki einu sinni í Evrópu eða á Norðurlöndum.

Í Evrópu er um þessar mundir þrengt að rétti kvenna til frjálsra fóstureyðinga, og eru Pólland, Ungverjaland og Malta skýr dæmi um að rétturinn til fóstureyðinga er ekki meitlaður í stein.

Þingmannatillagan gefur þannig tilefni bæði til þess að horfa út á við til Evrópu og annarra heimshluta og að líta inn á við á Norðurlöndum.

Sjónarmið nefndarinnar

Réttindi kvenna, meðal annars rétturinn til forræðis yfir eigin líkama, eru veigamikill þáttur í starfi nefndarinnar. Nefndin telur því mikilvægt að veita tillögunni brautargengi.

Nefndin tekur sérstaklega fram að í umfjöllun um tillöguna má ekki færast undan því að taka á málefnum þeirra kvenna á Norðurlöndum sem njóta ekki réttar til frjálsra fóstureyðinga.

Nefndin vill með tillögunni gefa heimsbyggðinni til kynna að Norðurlönd fylgist með „The Global Gag Rule“ af óskoraðri athygli og að norrænu ríkin taki eindregna afstöðu gegn sérhverri ráðstöfun sem skerðir rétt kvenna til forræðis yfir líkama sínum og frjósemisheilbrigði.

¹ Greinargerð frá WHO: <https://www.who.int/news-room/detail/28-09-2017-worldwide-an-estimated-25-million-unsafe-abortions-occur-each-year>



Nefndin vill jafnframt senda norrænu ríkjunum þau skýru skilaboð að rétturinn til frjálsra fóstureyðinga verði að gilda hvarvetna á Norðurlöndum.

Norðurlöndum, 27. október 2020

Bente Stein Mathisen (H)

Eva Lindh (S)

Høgni Hoydal (T)

Inga Sæland (Flf)

Kasper Roug (S)

Kim Berg (sd)

Maria Stockhaus (M)

Nina Sandberg (A)

Outi Alanko-Kahiluoto (gröna)

Per-Arne Håkansson (S)

Pirkka-Pekka Petelius (gröna)

Solveig Horne (FrP)

Solveig Sundbø Abrahamsen (H)

Fyrirvari

Norrænt frelsi lýsti fyrirvara við ákvörðunina með vísan til þess að ekki væri rétt að hafa afskipti af löggjöf annarra landa.

Norrænt frelsi telur því að þingmannatillaga A 1837/välfärd eigi ekki að fá brautargengi í Norðurlandaráði.

Norðurlöndum, 27. október 2020

Kaisa Juuso (saf)

Liselott Blixt (DF)